

Fimmtudaginn 10. ágúst 1961.
 Nr. 8/1961. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h.**
Sementsverksmiðju ríkisins
 (Sigurður R. Pétursson hrl.)
 gegn
Stéttarfélagi verkfræðinga vegna Péturs
Sigurjónssonar
 (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Varadómendur Ragnar Jónsson
 og Benedikt Sigurjónsson í stað
 Gunnlaugs E. Briem og Ísleifs
 Árnasonar.

Deilt um lögmati þess, að yfirverkfræðingur tók þátt í
 verkfalli stéttarfélags síns. Sératkvæði.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags.
 28. júlí þ. á., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Se-
 mentsverksmiðju ríkisins gegn Stéttarfélagi verkfræð-
 inga vegna Péturs Sigurjónssonar yfirverkfræðings.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að verkfall stefnda, Stéttarfélags verkfræðinga, er
 hófst 24. f. m., verði dæmt ólöglegt að því er tekur til
 yfirverkfræðings Péturs Sigurjónssonar.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda
 skaðabætur, að fjárhæð kr. 100.000.00, vegna hins
 ólöglega verkfalls.
3. Að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda máls-
 kostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda
 og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Samkvæmt ósk aðilja hefur málflutningi um 2. kröfu-
 lið stefnanda verið frestað um sinn í samræmi við heim-
 ild 71. gr. laga nr. 85/1936.

Málavextir eru þessir:

Stéttarfélag verkfræðinga hefur allt frá því á árinu

1954 gert kjarasamninga við atvinnurekendur. Þannig sömdu þessir aðiljar árið 1955 og var sá samningur framlengdur ári síðar með nokkrum breytingum. Árið 1957 kom enn til samninga, og hinn 15. júní það ár var, að undangenginni verkfallsboðun stefnda, gerður kjarasamningur milli stefnda annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og fleiri aðilja hins vegar um kaup og kjör verkfræðinga. Í samningi þessum var m. a. gerð sú breyting á fyrri ákvæðum varðandi launakjör deildarverkfræðinga og yfirverkfræðinga, að ákveðið var, að laun þeirra fyrrnefndu skyldu vera 10% hærri og laun yfirverkfræðinga 20% hærri en laun almennra verkfræðinga. Jafnframt var sett í 2. gr. samnings þessa svohljóðandi ákvæði:

„Yfirverkfræðingur hefur ekki verkfallsrétt.“

Samkvæmt ákvæðum kjarasamnings þessa skyldi hann gilda til 1. júní 1959 og framlengjast um sex mánuði í senn, væri honum ekki sagt upp með eins mánaðar fyrirvara. Samningi þessum sagði stefndi upp með bréfi, dags. 26. okt. 1959, og skyldi uppsögn miðast við 1. desember sama ár. Hinn 27. nóvember 1959, eða þremur dögum áður en samningurinn skyldi falla úr gildi samkvæmt uppsögn stefnda, komu fulltrúar aðilja saman á fund til þess að ræða um nýjan kjarasamning. Af samningum varð þó ekki, en á fundi þessum skýrði þáverandi formaður stefnda fulltrúum vinnuveitenda frá því, að stjórn Stéttarfélags verkfræðinga hefði ákveðið, að heimila félagsmönnum sínum að vinna áfram fyrst um sinn eftir gamla samningnum þar til annað yrði ákveðið, og væri það undir stjórn félagsins komið, hve lengi sú ákvörðun stæði. Jafnframt skýrði formaður stefnda frá því, að stjórn félagsins hefði aflað sér heimildar til verkfalls, ef þörf krefði.

Samkvæmt því sem nú var rakið unnu verkfræðingar áfram samkvæmt hinum eldri kjörum, og er ekkert fram komið um viðskipti málsaðilja í kjaramálum þessum fyrstu mánuði ársins 1960. En hinn 8. apríl það ár ritar stjórn Stéttarfélags verkfræðinga Vinnuveitendasambandi Ís-

lands bréf þess efnis, að hún vilji vekja athygli á því „að ákvæðið um verkfallsrétt yfirverkfræðinga í kjarasamningi er úr gildi fallið eins og önnur ákvæði kjarasamningsins.“ Kveðst stefndi hafa ritað þetta bréf vegna þess, að um þetta leyti hafi verið uppi ráðagerð af hans hálfu um það, að hefja verkfall. Þessu bréfi svarar Vinnuveitendasamband Íslands þann 11. sama mánaðar og segist þar ekki vilja láta hjá líða að mótmæla því álit, sem fram komi í bréfinu frá 8. sama mánaðar „um verkfallsrétt yfirverkfræðinga“.

Með bréfi dags. 14. júlí tilkynnir Stéttarfélag verkfræðinga Vinnuveitendasambandi Íslands, að félagið hafi ákveðið „að afturkalla frá 23. júlí n.k. að telja heimild félagsmanna S. V. til þess að vinna samkvæmt kjarasamningi, dags. 15. júní 1957“, og kveðst munu boða til vinnustöðvunar frá og með 24. júlí þ. á., ef samningar hafi ekki tekist fyrir þann tíma. Jafnframt tilkynnti Stéttarfélag verkfræðinga, að stjórn félagsins hefði ákveðið, að heimila félagsmönnum að starfa fyrst um sinn frá og með 24. júlí þ. á. samkvæmt sérstökum ráðningarskilmálum, er fylgdu nefndu bréfi, og lýsti yfir því, að verkfræðingar mundu koma til starfa sinna „nema vinnuveitandi hafi áður tilkynnt, að hann óski ekki eftir störfum þeirra skv. nefndum skilmálum“. Vinnudeila þessi kom nú til kasta sáttasemjara ríkisins og á samningafundi hjá honum hinn 20. júlí s.l. lýsti fulltrúi vinnuveitendasambandsins þeirri skoðun sinni, að yfirverkfræðingum væri óheimilt, samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins frá 15. júní 1957, að taka þátt í verkfalli. Í framhaldi af þeim viðræðum ritaði Stéttarfélag verkfræðinga vinnuveitendasambandinu bréf hinn 21. júlí s.l. og segist eigi telja neinn vafa á því, að yfirverkfræðingar hafi verkfallsrétt. En vilji vinnuveitendur fá úrskurð Félagsdóms um það, kveðst stjórn félagsins geta fallizt á það, að yfirverkfræðingar haldi áfram að vinna „skv. væntanlegum kjarasamningi“ unz dómur hafi gengið í málinu, enda fari launagreiðslur fram með þeim hætti, að yfirverkfræðingar fái „greidd laun samkv. kjarasamningi frá 15. júní 1957

en endanlegt uppgjör fari fram, þegar samningar hafa tekizt“. Þessu svarar vinnuveitendasambandið bréflega næsta dag, 22. júlí s.l., og segir þar m. a. svo:

- „1. Vér lítum svo á, að þeir verkfræðingar, sem mæta til vinnu 24. þ. m. eða síðar muni, unz nýr samningur hefur verið gerður milli samtaka vorra, vinna á þeim kjörum, sem giltu í hverju tilfelli, en ekki skv. „ráðningarskilmálum“ yðar.
2. Vér teljum yfirverkfræðinga ekki hafa verkfallsrétt og munum gera félag yðar ábyrgt fyrir verkfalli þeirra ef til kemur.“

Samkomulag náðist ekki milli deiluaðilja og kom til verkfalls hinn 24. júlí s.l., eins og Stéttarfélag verkfræðinga hafði boðað. Náði það einnig til yfirverkfræðinga og taka þátt í því samkvæmt upplýsingum málsaðilja 7 yfirverkfræðingar, þar á meðal Pétur Sigurjónsson, en hann var þegar verkfallið hófst yfirverkfræðingur og framleiðslustjóri hjá Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Samkvæmt skýrslu hans hér fyrir dómi gerðist hann félagsmaður í Stéttarfélagi verkfræðinga í desembermánuði 1960 og réðst um svipað leyti til sementsverksmiðjunnar sem yfirverkfræðingur. Eigi var gerður við hann skriflegur ráðningarsamningur, en hann segir, að um það hafi verið samið munnlega, að kaup hans og kjör yrðu samkv. þeim ákvæðum, sem þá var unnið eftir, en ákvæði kjarasamningsins frá 15. júní 1957 kveðst Pétur hafa þekkt, og þá einnig það ákvæði hans, að yfirverkfræðingar hefðu ekki verkfallsrétt. Hann segir þó, að um einhver frávik hafi verið að ræða hjá sér frá ákvæðum kjarasamningsins, t. d. um vinnutíma og starfstilhögun. Ekki var tekið neitt fram sérstaklega um uppsagnarfrest og virðist hann hafa átt að fara eftir ákvæðum kjarasamningsins, en hann geymdi ákvæði um 3ja mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest hið skemmsta, en 6 mánuði eftir 10 ára starf. Pétur segir, að framkvæmdastjóri verksmiðjunnar hafi tjáð sér áður en verkfallið hófst, að þess væri ekki óskað, að hann mætti til vinnu, ef úr verkfalli yrði, og mun sú afstaða framkvæmdastjórans hafa átt rætur sínar að rekja til framan-

greinds ágreinings stéttarfélagsins og vinnuveitenda um það, hvaða kjör yfirverkfræðingum skyldu búin til bráðabirgða, ef verkfallið yrði af stéttarfélagsins hálfu ekki látið ná til yfirverkfræðinganna. Pétur kveður, að nefnd afstaða framkvæmdarstjórans hafi þó ekki ráðið úrslitum um það, að hann tók þátt í verkfallinu, því það mundi hann hafa gert hvort sem var samkvæmt fyrirmælum, sem hann hefði fengið frá Stéttarfélagi verkfræðinga, ef vinnuveitandi hans vildi ekki ganga að skilyrðum þeim, sem félagið setti fyrir áframhaldandi vinnu yfirverkfræðinganna.

Stefnandi byggir þá dómkröfu sína, að verkfall stefnda sé ólöglegt að því er snertir Pétur Sigurjónsson yfirverkfræðing á því, að með framangreindu ákvæði kjarasamningsins frá 15. júní 1957 „Yfirverkfræðingar hafa ekki verkfallsrétt“, hafi stefndi samið sig undir þá skyldu, að yfirverkfræðingar mættu ekki leggja niður vinnu, þótt til verkfalls kæmi af hálfu stéttarfélags þeirra. Telur hann, að þetta ákvæði, sem tekið hafi verið upp í samninginn samkvæmt kröfu vinnuveitenda, er reyndar hafi og einnig krafizt þess, að sams konar ákvæði gildi um deildarverkfræðinga, hafi eigi aðeins verið í gildi þar til nefndum samningi var sagt upp heldur hafi það einmitt og sérstaklega átt að gilda, ef samningi væri sagt upp, og verkfall hafið vegna kröfu um nýja samninga, enda hefði það líka þá fyrst getað orðið raunhæft, þar sem verkföll eigi ekki að geta átt sér stað á samningstímabili, að samúðarverkföllum undanskildum, en engum hafi dottið í hug að setja þetta ákvæði í samninginn vegna þeirra, og enginn orðað þá skýringu fyrr en stefndi hafi í síðari umræðum, er ágreiningur um þetta atriði var uppkominn, viljað skýra ákvæðið um yfirverkfræðingana frá því sjónarmiði. Verði stefndi því að hlíta umdeildu ákvæði, þar til það hafi verið fellt niður eða því breytt með nýjum kjarasamningi. Þenna skilning hafi fulltrúar vinnuveitenda við samningsgerðina líka lagt í ákvæðið og ekkert tilefni gefist frá fulltrúum stefnda til annars skilnings, og engu orði verið hreyft í þá átt af þeirra hálfu,

né að því vikið af þeim, að vafi gæti leikið á því, hvort Stéttarfélagi verkfræðinga væri heimilt að undanþiggja yfirverkfræðingana þátttöku í verkfalli, en það telur stefnandi tvímælalaust heimilt. Og þar sem Pétur Sigurjónsson, sem ráðinn hafi verið með þeim skilmálum, er kjarasamningurinn frá 15. júní 1957 geymdi, og fylgt hafi verið í öllu þar til verkfall hófst 24. júlí s.l., hafi lagt niður vinnu til þátttöku í nefndu verkfalli og í samræmi við fyrirmæli Stéttarfélags verkfræðinga, hafi stefndi gerst brotlegur við nefnt samningsákvæði og sé verkfallið því ólöglegt að því er til Péturs Sigurjónssonar yfirverkfræðings taki.

Stefndi hefur eindregið neitað þessum skilningi stefnanda. Heldur hann því fram öðrum þræði, að vafasamt sé, að stéttarfélagi sé að lögum heimilt að undanskilja með samningum félagsmenn sína því að taka þátt í verkfalli. En hvað sem því líði þá sé það augljóst, að ákvæði kjarasamningsins frá 1957, að yfirverkfræðingar hefðu ekki verkfallsrétt, gildi aðeins meðan sá samningur var í gildi, en hann hafi fallið niður fyrir uppsögn 1. des. 1959, og þá einnig þetta ákvæði hans. Eftir þann tíma hafi Stéttarfélag verkfræðinga aðeins heimilað félagsmönnum sínum að vinna með sömu launakjörum og áður höfðu gilt, þangað til annað yrði ákveðið af þess hálfu, en ákvæðið um verkfallsrétt yfirverkfræðinganna hafi með öllu fallið niður. Þá telur stefndi, að nauðsynlegt hefði verið að taka það skýrt fram í umræddum samningi, ef tilætlunin hefði verið sú, að ákvæðið um afsal verkfallsréttar yfirverkfræðinganna hefði átt að gilda þar til nýr samningur væri gerður, er um svo sérstakt atriði sem afsal verkfallsréttar var að ræða, en slíkt hefði alls eigi borið á góma við samningsgerðina.

Stefndi heldur því einnig fram, að nefnt ákvæði hefði haft raunhæfa þýðingu, þótt svo yrði litið á, að það félli niður með öðrum ákvæðum kjarasamningsins, þar sem það hefði getað orðið virkt, ef til samúðarverkfalls hefði komið á samningstímabilinu og jafnvel í öðrum tilvikum. Loks mótmælir stefndi því, að Pétur Sigurjóns-

son hafi nokkru sinni unnið samkvæmt kjarasamningum frá 15. júní 1957, þar sem hann hafi eigi ráðist til starfa sem yfirverkfræðingur, né heldur verið orðinn félagsmaður í Stéttarfélagi verkfræðinga fyrr en í desembermánuði 1960, eða eftir að margnefndur kjarasamningur var fallinn úr gildi fyrir uppsögn. Hafi því hvorki hann né aðrir fyrir hans hönd firrt hann rétti til þess að taka þátt í yfirstandandi verkfalli stefnda.

Nokkrir af fulltrúum þeim, sem tóku þátt í undirbúningsviðræðum og samningsgerð sumarið 1957, hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur um viðræður þær, sem fóru þá fram milli umboðsmanna samningsaðilja. Af þeim skýrslum sýnist ljóst, að umboðsmenn stefnda hafi að visu rætt um það innbyrðis, að vafasamt væri að hægt væri að semja „verkfallsrétt“ af yfirverkfræðingunum, en hins vegar virðast þeir eigi hafa sett fram þá skoðun sína við umboðsmenn vinnuveitenda, sem segjast hafa talið þetta ákvæði gott og gilt og lagt áherzlu á það við samningana, að yfirverkfræðingar sérstaklega ættu alls ekki að hafa heimild til þátttöku í verkfalli og standa algerlega utan slíkra aðgerða af stéttarfélagssins hálfu vegna hins sérstaka trúnaðarsambands milli þeirra og vinnuveitandans og aðstöðu þeirra að öðru leyti. Segjast fulltrúar vinnuveitenda hafa litið á það sem sjálfsagðan hlut, að umdeilt ákvæði stæði áfram, þótt samningum væri sagt upp, þar til samið hefði verið á ný, þar sem það hefði annars verið þýðingarlaust frá þeirra sjónarmiði. Það hafi fulltrúar stéttarfélagssins hlotið að gera sér ljóst, þótt þetta atriði hafi ef til vill ekki komið beint fram í umræðunum.

Svo sem rakið hefur verið, er því öðrum þræði haldið fram af stefnda í máli þessu, að vafasamt sé hvort Stéttarfélagi verkfræðinga hafi að lögum verið heimilt svo bindandi væri fyrir félagsmenn, að undanskilja yfirverkfræðinga þátttöku í verkfalli, en skilja verður umdeilt ákvæði 2. gr. kjarasamningsins frá 15. júní 1957 á þá lund, að í því felist yfirlýsing af hálfu stéttarfélagssins þess efnis að þeir yfirverkfræðingar, sem séu félagsmenn, skuli ekki

taka þátt í verkfalli með því að leggja niður vinnu, þótt til þess komi af félagsins hálfu. Þykir af þessu tilefni rétt að kanna heimild stéttarfélagsins að þessu leyti.

Í 2. gr. samþykktu Stéttarfélags verkfræðinga segir, að tilgangur félagsins sé að vinna að bættum kjörum félagsmanna á hvern hátt, sem landslög leyfa og að félagið láti í þessu skyni launamál félagsmanna og önnur kjör til sín taka. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eru einstakir félagsmenn bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félags síns, og í sömu grein segir, að stéttarfélög ráði sjálf málefnum sínum með þeim takmörkunum, sem sett séu í lögnum.

Þegar litið er til íslenskra laga er eigi að finna neina skilgreiningu á hugtakinu verkfall, en í 14. gr. nr. 80/1938 segir, að stéttarfélögum sé heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna. Skilja verður þetta ákvæði á þá lund, að það sé félagsheildin, félagið, sem hefur rétt til þess, að fullnægðum öðrum skilyrðum II. kafla nefndra laga, að hefja verkfall, og er félagsmönnum þá skylt samkvæmt 3. gr. sömu laga, að taka þátt í því, jafnvel gegn vilja sínum, ef ákvörðun um það er tekin með réttum hætti samkvæmt landslögum og samþykktum félagsins. Þetta skýtur þó ekki loku fyrir það, enda algengt, að stéttarfélag, sem efnt hefur til verkfalls, geti ákveðið, að ýmsir félagsmenn, sem hagsmuna eiga að gæta í sambandi við úrslit kjaradeilu, leggi ekki niður vinnu, um langan eða skamman tíma. Á sama hátt getur stéttarfélag með kjarasamningi við vinnuveitendur samið um það, að einstakir hópar félagsmanna taki ekki þátt í verkfalli með því að leggja niður vinnu.

Kjarasamningurinn frá 15. júní, 1957, sem hér er til álita, færir yfirverkfræðingum í hendur mun hærri laun en öðrum félagsmönnum Stéttarfélags verkfræðinga. Hins vegar leiðir umdeilt ákvæði hans um „verkfallsrétt“ yfirverkfræðinganna til þess, að þeir mega ekki taka þátt í verkfalli ásamt öðrum félagsmönnum með því að leggja niðurvinnu. Eigi verður talið, að þetta varði yfirverkfræð-

ingana eina, því aðrir félagsmenn geta einnig átt hagsmuni undir því, hvort þeir leggja niður vinnu eða ekki. Hér er því um að ræða atriði, sem snertir heildarhagsmuni félagsmanna, og félagið sem heild hefur ráðstöfunarrétt yfir eftir venjulegum reglum um félagsmál, og hefur ekkert komið fram þess efnis, að framangreindur kjarasamningur hafi ekki verið gerður og samþykktur með lögformlegum hætti. Verður samkvæmt þessu að telja, að Stéttarfélagi verkfræðinga hafi verið heimilt, svo sem gert var, að semja við vinnuveitendur um þess konar framkvæmd verkfalls, sem nefndur kjarasamningur gerði ráð fyrir.

Þá kemur til álita það deiluatríði þessa máls, hvort umrætt ákvæði kjarasamningsins frá 1957 hafi fallið niður fyrir uppsögn hinn 1. desember 1959 eða síðar, eða hvort það sé enn í gildi gagnvart þeim vinnuveitendum, sem voru aðiljar að samningnum.

Þess er áður getið, að kjarasamningurinn frá 15. júní 1957 hafi samkvæmt uppsögn Stéttarfélags verkfræðinga átt að falla úr gildi hinn 1. des. 1959, en að stjórn þess félags hafi á fundi 27. nóvember sama ár lýst yfir því, að verkfræðingum væri heimilt fyrst um sinn að vinna áfram samkvæmt ákvæðum hans, þar til félagið ákvæði annað. Hefur því eigi verið haldið fram af hálfu stefnanda í máli þessu, að nefnd yfirlýsing formanns stéttarfélagsins, viðræður þær, sem fram fóru milli fulltrúa málsaðilja nefndan dag, né önnur samskipti þeirra hafi leitt til þess, að stofnast hefði nýr kjarasamningur með óákveðnum uppsagnarfresti, er færi þá eftir ákvæðum 6. gr. laga nr. 80/1938 og eigi er á þeirri staðhæfingu byggt í málinu af hálfu stefnanda, að yfirstandandi verkfall sé ólöglegt vegna ófullnægjandi uppsagnar umrædds kjarasamnings. Er því ágreiningslaust að öll ákvæði samningsins frá 15. júní 1957, önnur en ákvæðið „Yfirverkfræðingur hefur ekki verkfallsrétt“, séu niður fallin fyrir uppsögn.

Ljóst er af efni þessa síðastnefnda fyrirmælis, að raunhæft gildi þess hefst þá fyrst að marki, ef til verkfalls kemur í kjaradeilu milli verkfræðinga og vinnuveitenda,

enda þótt eigi verði sagt, að það sé alveg þýðingarlaust meðan kjarasamningur er enn í gildi og verkfall almennt óheimilt vegna þeirrar friðarskyldu, sem í honum fellst. Væri því ekki óeðlilegt, að líta á þetta verkfallsákvæði sem ótímabundna yfirlýsingu af hálfu stéttarfélagsins þess efnis, að félagið skuldbindi sig til þess, að yfirverkfræðingar legðu ekki niður vinnu í kjaradeilu við þá vinnuveitendur, sem að samningnum standa. Þessi sérstaða þessa ákvæðis dregur þá einnig að þeirri ályktun, að eigi væri óhjákvæmilegt, að það lyti sömu reglum um uppsögn og hin venjulegu ákvæði kjarasamnings, enda heldur stefnandi því og fram, svo sem áður er greint, að Stéttarfélag verkfræðinga hætti þá fyrst að vera bundið af nefndri skyldu gagnvart sér, er aðiljar hafi um annað samið.

Þrátt fyrir þessi rök væri það þó að áliti dómsins, svo frábrugðið venjulegum reglum um uppsögn og gildistíma kjarasamninga og óvenjulegt í viðskiptum stéttarféлага og vinnuveitenda, ef aðili að kjarasamningi gæti eigi losnað við samningsskuldbindingar sínar með því að segja samningnum upp með hæfilegum, lögbundnum eða samningsbundnum uppsagnarfresti, en þyrfti að eiga það undir gagnaðilja sínum, hvort eða á hvern hátt hann gæti losnað við samningsskyldur sínar, að telja verður, að um slíka skuldbindingu þyrftu að vera skýlaus og ótvíræð ákvæði í samningnum sjálfum. En á það skortir í því tilviki, sem hér ræðir um, því kjarasamningurinn frá 1957 geymir eigi önnur uppsagnarákvæði en hin venjulegu um uppsögn samningsins í heild.

Auk þessa virðist í ljós leitt af því, sem að framan er sagt um vætti þeirra fulltrúa samningsaðilja, sem voru við samningsgerð, að það hafi hvorki verið rætt sérstaklega, hvað í oftnefndu ákvæði fælist, né heldur hve lengi það ætti að gilda.

Þegar litið er til þeirra atriða allra, sem nú hafa verið rakin þykja ekki næg efni til þess, að fallist verði á þá skoðun stefnanda, að ákvæðið: „Yfirverkfræðingur hefur ekki verkfallsrétt“ eigi að standa óhaggað, þar til um

annað hefur verið samið með nýjum samningi, enda þótt kjarasamningurinn sjálfur sé niðurfallinn vegna uppsagnar.

Samkvæmt þessu verður að telja að uppsögn Stéttarfélag verkfræðinga hafi náð til þessa ákvæðis kjarasamningsins sem annarra ákvæða hans, auk þess sem stéttarfélagið áréttaði uppsögn sína að þessu leyti með áður nefndu bréfi til vinnuveitendasambandsins hinn 8. apríl 1960. Hefur Stéttarfélag verkfræðinga því vegna ákvæða margnefnds kjarasamnings frá 1957 óbundnar hendur um það nú, að láta verkfall það, er yfir stendur, einnig ná til yfirverkfræðinga þeirra, sem eru félagsmenn þess.

Rétt er að taka það fram, að Félagsdómur metur ekki hvort þátttaka Péturs Sigurjónssonar yfirverkfræðings í verkfalli stéttarfélag hans geti verið andstæð ráðningarsamningi hans við Sementsverksmiðju ríkisins, og ekki heldur hvort þátttaka hans í nefndu verkfalli sé samrýmanleg ákvæðum laga nr. 33 frá 1915 um verkfall opinberra starfsmanna.

Samkvæmt framansögðu verða dómkröfur stefnanda ekki teknar til greina.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Verkfall Stéttarfélag verkfræðinga, sem hófst 24. júlí þ. á., er eigi, að því er tekur til Péturs Sigurjónssonar yfirverkfræðings andstætt ákvæðum kjarasamnings frá 15. júní 1957.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Þar eð ákvæði 2. gr. kjarasamnings milli Stéttarfélag verkfræðinga og Vinnuveitendasambands Íslands frá 15. júní 1957, að „Yfirverkfræðingur hefur ekki verkfallsrétt“ er fallið niður vegna uppsagnar eins og rakið er í forsendum dómsins, tel ég ástæðulaust að taka afstöðu til þess í þessu máli hvort verkalýðsfélag hefur heimild til að semja um, að „verkfallsréttur“ félaga þess eða hluta félaga þeirra falli niður, og tek því ekki afstöðu til þessa atriðis, en er samþykkur niðurstöðu dómsins.

Sératkvæði Einars B. Guðmundssonar.

Yfirverkfræðingar gegna þýðingarmiklum trúnaðarstörfum í þjónustu hinna ýmsu atvinnurekenda, og starfssvið þeirra er á margan hátt hið sama og framkvæmdastjóra, enda leiðir þetta beinlínis af tæknimenntun þeirra. Væri það í mörgum tilvikum andstætt þjóðarhagsmunum og gæti leitt til vandræða, ef vinnustöðvun yrði til þess, að atvinnufyrirtækin væru skilin eftir stjórnlaus um allt, sem að tæknistörfum lyti.

Verður að telja, að þetta sjónarmið hafi vakað fyrir samningsaðiljum, er ákveðið var í kjarasamningi Stéttarfélags verkfræðinga 15. júní 1957 að yfirverkfræðingar hefðu ekki verkfallsrétt. Er óeðlilegt að telja, að Stéttarfélagi verkfræðinga hafi með einhliða yfirlýsingu verið heimilt að fella ákvæðið úr gildi, þannig að yfirverkfræðingar skyldu hafa verkfallsrétt í fyrstu vinnustöðvun eftir að framangreindur kjarsamningur var undirritaður.

Samkvæmt þessu verð ég að telja, að ákvæði kjarasamningsins um að yfirverkfræðingar hafi ekki verkfallsrétt sé enn í gildi. Leiðir þessi niðurstaða til þess, að ég tel að dæma beri, að verkfall Stéttarfélags verkfræðinga, að því er tekur til yfirverkfræðings Péturs Sigurjónssonar, sé ólögmætt.
